

M-22/2011. Álit 4. ágúst 2011.

Álit kærufndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 4. ágúst gaf kærufnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-22/2011.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 28. febrúar sl. bað X, hér eftir nefndur álitsbeiðandi, um álit kærufndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á notaðri bifreið af Y, hér eftir nefndur seljandi. Álitsbeiðandi segir bifreiðina gallaða og krefst þess að seljandi standi straum af viðgerðarkostnaði vegna gallans.

II

Málsmeðferð kærufndarinnar

Með bréfi, dags. þann 23. mars sl., var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og var frestur til að skila þeim veittur til 1. apríl. Andsvör seljanda bárust kærufndinni 28. mars 2011. Hinn 23. júní 2011 fékk álitsbeiðandi andsvörin send til upplýsinga og bent á heimild hans til að gera athugasemdir. Álitsbeiðandi nýtti sér þá heimild og skilaði athugasemdum sem bárust nefndinni 11. júlí sl.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi keypti bifreiðina xx-000, Grand Cherokee árgerð 1999, af seljanda fyrir 990 þúsund krónur þann 14. febrúar 2011. Bifreiðin var að fullu greidd með skiptum á annarri bifreið, Volvo S40 turbo. Um frekari málavexti segir í álitsbeiðni:

„Föstudaginn 18. febrúar, þ.e. fjórum dögum eftir að kaupin áttu sér stað, heyrðist bankhljóð í vél bifreiðarinnar. Það varði einungis stutta stund. Daginn eftir heyrðist hljóðið aftur og var þá greinilegt og hátt. Mánudaginn 21. febrúar 2011, var bifreiðin færð á verkstæðið A, til skoðunar. Þar var upplýst að allar lýkur væru á því að sveifarlega í vél bifreiðarinnar væri ónýt. Áætlaður kostnaður við viðgerð á bifreiðinni væri á bilinu 300 til 500 þúsund krónur.

Þær upplýsingar fengust hjá verkstæðinu að bilun af þessu tagi lýsti sér á þann hátt að bank heyrðist með ákveðnu millibili. Ástæða þess að bankið væri ekki stöðugt og greinilegt frá því að legan bilar væri sú að legan gæti snúist með sveifinni um tíma, en fest síðan aftur. Legan losnaði þó aftur innan skamms tíma og þá heyrðist hljóðið aftur.

Álitsbeiðandi hafði þegar samband við B, starfsmann bílasöluvarnunar C, sem hafði milligöngu um kaupin á bifreiðinni. Var þess óskað að fyrirtækið beitti sér fyrir því að kaupin gengu til baka. B hafði samband við seljanda, Y. Seljandi tjáði B að hann samþykkti ekki að kaupin gengu til baka en væri til umræðu að taka þátt í viðgerðarkostnaði.

Álitsbeiðandi hafði samband við seljanda, þriðjudagsmorguninn 22. febrúar og ítrekaði kröfu sína um að kaupin gengu til baka. Varð það samkomulag að seljandi hefði samaband við álitsbeiðanda seinna um daginn. Um kl. 17:00 þann dag hringdi gagnaðili í álitsbeiðanda og tjáði honum að hann teldi sig enga ábyrgð bera á biluninni og hafnaði því að kaupin gengu til baka og að taka á nokkurn hátt þátt í viðgerðarkostnaði.“

Álitsbeiðandi gerir þær kröfur að seljandi standi straum af viðgerðarkostnaði bifreiðarinnar. Telur álitsbeiðandi í ljósi þess að bilun af þessu tagi geri vart við sig með nokkurra daga millibili að allar líkur séu á að seljandi hafi vitað um bilunina. Þar að auki hafi verið nýbúið að skipta um olíu á bifreiðinni sem að mati álitsbeiðanda var gert til að koma í veg fyrir að óhreinindi sæjust í olíunni sem gæti verið vísbending um bilun af þessu tagi. Þá vill álitsbeiðandi að fram komi að seljandi bifreiðarinnar var eigandi bílsins aðeins í nokkra

mánuði og við samningsumleitunir virtist honum mikið í mun um að losna við bifreiðina sem fyrst. Að mati álitsbeiðanda er fráleitt að hann beri sjálfur ábyrgð á jafn alvarlegri bilun sem kemur í ljós aðeins fjórum dögum eftir að kaupin áttu sér stað.

IV

Andsvör seljanda

Seljandi skilaði andsvörum til kærufndarinnar sem hljóða svo:

„Því er haldið fram að undirritaður hafi í símtali 22. febrúar neitað að taka á nokkurn hátt þátt í viðgerðarkostnaði vegna bifreiðarinnar. Hið rétta er að ég áréttaði það sem áður hafði komið fram í okkar samtali, þ.e. að ég væri til í að taka þátt í einhverjum hluta viðgerðarkostnaðar, þó svo að ég teldi mig á engan hátt skuldbundinn til þess. Hins vegar þótti mér leiðinlegt ef viðsemjandi minn teldi sig hlunnfarinn af viðskiptum við mig.

Því er jafnframt haldið fram að ég hafi af ásettu ráði til að leyna óhreinindum í smurolú látið skipta um olíu á vél bifreiðarinnar rétt áður en kaupin áttu sér stað. Þetta er ekki rétt þar sem ég lét skipta um olíu um miðjan desember s.l. og hafði frá þeim tíma fram að sölu bifreiðarinnar ekið henni ekki undir 2000 km (m.a. tvær ferðir í Skagafjörð). Ef þörf er á ætti að vera hægt að fá þetta staðfest hjá MAX 1 sem annaðist verkið ásamt því að skipta um bremsuklossa í afturhjólum og taka upp bremsudælu. Ég bendi sérstaklega á að ég vakti athygli viðsemjanda míns á þessum viðgerðarreikningi, sem var í bifreiðinni þegar kaupin áttu sér stað.

Það er einnig rangt að ég hafi verið áfjáður að losna við bifreiðina. Ég hafði þá ekki fyrir löngu fjárfest í nagladekkjum undir hana sem ég hefði að sjálfsögðu ekki gert ef ég hefði ætlað mér að losa mig við hana. Hið sanna er að ég var búinn að sjá að það var ekki hagkvæmt fyrir mig að reka bifreið sem þessa með tilheyrandi bensínkostnaði. Með það í huga og þar sem ég er áhugamaður um Volvobifreiðar ákv. ég að gera álitsbeiðanda kauptilboð um skipti á minni bifreið og hans. Spillti þá ekki að álitsbeiðandi (sonur sem kom fram við kaupin) lýsti því yfir að hann hefði langað í svona bifreið eins og mína.

Undirritaður mótmælir því harðlega að honum hafi á nokkurn hátt verið um það kunnugt þegar kaupin áttu sér stað að eitthvað væri að vél bifreiðarinnar xx-000 og það hafi verið ástæða þess að hann vildi losna við hana. Rétt er að fram komi að undirritaður hefur aldrei fengið nokkra greiningu á þessari ætluðu vélarbilun, heldur aðeins heyrt lýsingar álitsbeiðanda á henni. Þá er jafnframt rétt að fram komi að xx-000 var um 12 ára gömul þegar kaupin áttu sér stað og var þá ekin u.þ.b. 160.000 km. Hér er því langt því frá um nýja bifreið að ræða enda fékk ég hana greidda með nær 10 ára gamalli bifreið, sem þá var ekin um það bil 85.000 mílur, þannig að ég gerði mér fulla grein fyrir því að ég mætti vænta einhverra viðgerða á henni af þeim sökum. Þannig er nú talið að hjólalega sé farin í bifreiðinni xx-001, en því fer fjarri að ég hyggist sækja þann viðgerðarkostnað í greipar álitsbeiðanda.

Að lokum er á það bent að sonur álitsbeiðanda sem kom fram fyrir hans hönd í upphafi þessara viðskipta, fékk að fara með bifreiðina af bílasölu til skoðunar í nokkurn tíma og að þeirri skoðun lokinni var ákveðið að kaupin skyldu fara fram.

Með vísan í ofangreint mótmælir undirritaður því að honum beri á nokkurn hátt skylda til að taka þátt í viðgerðarkostnaði vegna ætlaðrar bilunar í vél bifreiðarinnar xx-000 skömmu eftir að kaup um hana áttu sér stað.“

V

Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda

Álitsbeiðandi hafði uppi eftirfarandi athugasemdir við andsvör seljanda:

„Í andsvörum Y er því haldið fram að bifreiðinni hafi verið ekið amk. 2000 km með þeirri smurolú sem var á bifreiðinni er sala hennar fór fram. Við skoðun á Smurstöðinni Hyrjarhöfða 8, Reykjavík, þar sem álits var leitað á ástandi bifreiðarinnar við kaupin, var smurolían tær, eins og um nýja smurolú væri að ræða. Útilokað er að svo hrein smurolúa sé á bifreið með jafn slitinni vél og hér um ræðir, hafi verið á bifreiðinni eftir 2000 km akstur.

Þá segir í andsvörum Y að hann hafi ekki fyrir löngu fjárfest í nagladekkjun undir bifreiðina. Þeir hjólbarðar er fylgdu bifreiðinni eru sumarhjólbardar sem eru það slitnir að ekki er æskilegt að aka á þeim í hálfu jafnvel þó að um jeppa sé að ræða. (Sjá meðfylgjandi mynd).“

VI

Niðurstaða kærunevndarinnar

Kærunevnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nevndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup auk ákvæða reglugerðar nr. 766/2006 um kærunevnd lausafjár- og þjónustukaupa. Samband málsaðila fellur undir ákvæði laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup (lklp), sbr. 1. gr. laganna.

Við afgreiðslu málsins hefur kærunevndin leitað aðstoðar sérfræðings, sbr. heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Í 4. kafla laga um lausafjárkaup er fjallað um eiginleika söluhlutar, galla o.fl. Þar segir í 1. mgr. 17. gr. að söluhlutur skuli fullnægja þeim kröfum er leiðir af samningi, m.a. hvað varðar gæði og aðra eiginleika. Segir svo í a-lið 2. mgr. 17. gr. að ef annað leiði ekki af samningi skuli söluhlutur henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til. Síðan segir í 4. mgr. 17. gr. að söluhlutur teljist gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 1. og 2. mgr. 17. gr. Í kaupsamningi og afsali fyrir bifreiðinni sem um er deilt í málinu, dags. 14. febrúar 2011, segir m.a. eftirfarandi:

„Ökutæki selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og settir sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum.“

Kærunevndin álítur samkvæmt framangreindu að um kaupin gildi 19. - 20. gr. laga nr. 50/2000. Í 19. gr. segir:

Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum almennum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

- a. hluturinn svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur gefið um hann, eiginleika hans eða not og ætla má að þessi atriði hafi haft áhrif á það að kaup gerðust;
- b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði sem verulegu máli skipta varðandi hlutinn eða not hans og seljandi hlaut að þekkja til og kaupandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin eða
- c. ástand söluhlutar er til muna verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Ef notaðir hlutir eru seldir á uppboði gilda ákvæði 1. mgr. eftir því sem við getur átt.

Í 20. gr. segir:

Kaupandi getur ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð.

Hafi kaupandi rannsakað söluhlut áður en kaupin voru gerð eða hafi hann án gildrar ástæðu látið undir höfuð leggjast að sinna hvatningu seljanda um slíka rannsókn getur kaupandi ekki borið fyrir sig neitt það sem hann hefði þá átt að veita athygli. Þetta gildir þó ekki ef seljandi hefur sýnt af sér vítavert gáleysi eða framferði hans að öðru leyti verið andstætt heiðarleika og góðri trú.

Í framangreindum ákvæðum er annars vegar kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda og hins vegar skoðunarskyldu kaupanda auk þess sem í c-lið 1. mgr. 19. gr. er kveðið á um það að söluhlutur sé gallaður þegar ástand hans er til muna verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Af frásögn málsaðila má ráða að sonur álitsbeiðanda skoðaði bifreiðina áður en kaupsamningur var gerður. Í því skyni prufukeyrði hann m.a. bifreiðina án þess að nokkuð athugavert hafi komið í ljós varðandi ástand vélarinnar. Örfáum dögum síðar gerir alvarleg vélarbilun svo vart við sig, þ.e. vélin fer að „slá úr sér“. Slík bilun lýsir sér þannig í bifreiðum af þessum toga að við yfirsnúning hefur olíudælan, sem knúin er af sveifarásnum og staðsett er fremst á vélinni, ekki undan að smyrja vegna álagsins við mikinn snúning. Áttundi strokkur, sem er lengst frá olíudælunni, verður því fyrir meira álagi og er viðkvæmastur fyrir háum snúningi og öðru. Þar sem svo skammur tími leið frá því að bifreiðin var afhent álitsbeiðanda og þar til í ljós kom að sveifarlega í vél bifreiðarinnar væri ónýt, álítur

kærunefndin að byggja verði á því að í skilningi lausafjárkaupalaga hafi galli verið á bifreiðinni þegar kaupin fóru fram. Hins vegar er ekki sérstök ástæða til að ætla að seljanda hafi verið kunnugt um þennan galla enda þótt skammur tími liði frá kaupunum þar til hann kom í ljós. Kærunefndin álitur að vegna framangreinds verði að telja að ástand bifreiðarinnar hafi verið til muna verra við kaupin en álitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti, sbr. c-lið 1. mgr. 19. gr. laga nr. 50/2000.

Í 30. gr. laga um lausafjárkaup nr. 50/2000 segir að reynist söluhlutur gallaður og gallinn hvorki sök kaupanda né stafi af aðstæðum sem hann varða geti kaupandi samkvæmt ákvæðum 31.-40. gr. laganna krafist úrbóta, nýrrar afhendingar, afsláttar, riftunar og skaðabóta ásamt því að halda eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæði 42. gr.

Á kröfu álitsbeiðanda verður að líta sem skaðabótakröfu og er það álit kærunefndarinnar að seljanda beri að greiða álitsbeiðanda bætur vegna galla á sveifarlegu í vél bifreiðarinnar. Við ákvörðun skaðabóta verður engu að síður að hafa í huga að bifreiðin var um það bil 12 ára gömul þegar kaupin áttu sér stað og ekin 160 þúsund kílómetra. Einnig þarf að hafa hugfast að álitsbeiðandi hefur nú fengið nýja sveifarlegu í vél bifreiðarinnar í stað gamallar og ætti að þar af leiðandi ekki að vera laus við svipuð vandamál í töluverðan tíma. Þá er á framlögðum viðgerðarreikningi að finna kostnað sem kærunefndin getur ekki séð að tengist gallanum sem álitsgerð þessi fjallar um. Nánar tiltekið er þar um að ræða kostnað vegna skipta á kertum, vatnsdælu, frostlög, vatnskassa og olíupönnu, samtals að upphæð 83.114 krónur með vsk. Kærunefndin telur eðlilegt í ljósi málavaxta allra að aðilar skipti með sér kostnaði vegna viðgerðar á vél bifreiðarinnar að undanskildum áðurnefndum þáttum sem kærunefndin telur ótengda gallanum. Telur kærunefndin í ljósi alls framangreinds hæfilegar skaðabætur vera 300.000 krónur.

VII

Álitsorð

Seljandi, Y, greiði álitsbeiðanda, X, 300.000 í skaðabætur vegna galla á bifreiðinni xx-000.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Ólafur Reynir Guðmundsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir